
RE: Fullnaðarafgreiðsluheimildir fyrir Bergrisann

From Bjarki R. Kristjánsson <bjarki@bergrisinn.is>

Date Tue 2025-11-18 13:16

To olfus <olfus@olfus.is>; mottaka <mottaka@hveragerdi.is>; gogg <gogg@gogg.is>; blaskogabyggd <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; skeidgnup <skeidgnup@skeidgnup.is>; hrúni <hruni@fludir.is>; Ásahreppur Ásahreppur <asahreppur@asahreppur.is>; ry <ry@ry.is>; hvolsvollur <hvolsvollur@hvolsvollur.is>; Mýrdalshreppur <myrdalshreppur@vik.is>; klaustur <klaustur@klaustur.is>; Elliði Vignisson <ellidi@olfus.is>; Pétur Georg Markan <petur@hveragerdi.is>; Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps <oddviti@gogg.is>; Sveitarstjóri <sveitarstjori@gogg.is>; Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; Eggert Valur Guðmundsson <eggertvalur@ry.is>; Bragi Bjarnason <bragi@arborg.is>; Sandra Sigurðardóttir <sandra@hk.is>; Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>; Sylvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>; Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@fludir.is>; Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>; Sveitarstjóri RY <sveitarstjori@ry.is>; Anton Kári Halldórsson <anton@hvolsvollur.is>; sveitarstjóri@vik.is <sveitarstjori@vik.is>; Einar Kristján Jónsson <sveitarstjori@klaustur.is>

Cc Íris Ellertsdóttir <iris@bergrisinn.is>

Sent á aðildarsveitarfélög Bergrisans bs.

Heil og sæl

Í maí sl. sendi ég út póst (sjá hér að neðan) þar sem óskað var eftir því að aðildarsveitarfélög Bergrisans myndu yfirfara sínar samþykktir m.t.t. heimilda Bergrisans til fullnaðarafgreiðslu mála. Var það gert í kjölfar álits innviðaráðuneytisins um að það væri nauðsynlegt að hafa sértækar heimildir til valdaframsals í samþykktum sveitarfélaga til að tryggja réttar afgreiðsluheimildir byggðasamlaga.

Þetta mál var einnig kynnt og rætt stuttlega á aðalfundi Bergrisans og komu þá fram efasemdir um að þetta væri rétt túlkun hjá ráðuneytinu. Ég hafði því samband við ráðuneytið til að fá betur úr þessu skorið og kom þá í ljós að það er ekki skylda að kveða á um valdaframsal til byggðarsamlaga í samþykktum sveitarfélaga þó að ráðuneytið mæli sterklega með því. Í svari ráðuneytisins kemur eftirfarandi fram:

Þrátt fyrir að ekki sé mælt um fyrir í 93. gr. sveitarstjórnarlaga að framsal á valdi til töku stjórnvaldsákvarðana sem fari annaðhvort fram á grundvelli 94. eða 96. gr. skuli birta í samþykkt um stjórn sveitarfélags skv. 9. gr., þá sé í ljósi þeirra hagsmuna og réttinda íbúa sveitarfélaga sem undir geta verið, eðlilegast að fram komi í samþykkt hverjum sé falið að taka ákvarðanir sem sveitarfélaginu væri annars skylt að taka. Þó sveitarstjórnarlög mæli því ekki fyrir um að slíkt valdframsal skuli koma fram í samþykkt með jafn skýrlegum hætti og valdframsal á grundvelli 42. gr. sveitarstjórnarlaga og ekki verði gerð krafa um slíkt, eru samþykktir sveitarfélaga eru mikilvægar réttarheimildir við umfjöllun um starfsemi sveitarfélaga og meðferð þeirra málefna sem þau annast. Þykir því réttast að með einhverjum hætti sé vísað til samstarfs á grundvelli 94. eða 96. gr. sveitarstjórnarlaga í samþykkt sveitarfélags, t.d. með tilvísun í auglýsinganúmer samþykktanna eða samningsins í Stjórnartíðindum.

Í kjölfar þessara nýju upplýsinga legg ég það því í hendur hvers sveitarfélags hvað þau gera og mun Bergrisinn ekki hlutast frekar til um þetta mál.

Með góðri kveðju

Bjarki R. Kristjánsson

Skrifstofustjóri
Bergrisinn bs.
Arnardrangur hses.

From: Bjarki R. Kristjánsson

Sent: miðvikudagur, 21. maí 2025 10:36

To: olfus <olfus@olfus.is>; mottaka <mottaka@hveragerdi.is>; gogg <gogg@gogg.is>; blaskogabyggd <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; skeidgnup <skeidgnup@skeidgnup.is>; hrúni <hruni@fludir.is>; Ásahreppur Ásahreppur <asahreppur@asahreppur.is>; ry <ry@ry.is>; hvolsvollur <hvolsvollur@hvolsvollur.is>; Mýrdalshreppur <myrdalshreppur@vik.is>; klaustur <klaustur@klaustur.is>

Cc: Íris Ellertsdóttir <iris@bergrisinn.is>

Subject: Fullnaðarafgreiðsluheimildir fyrir Bergrisann

Heil og sæl

Bergrisinn óskar eftir upplýsingum frá aðildarsveitarfélögum um hvort það séu til staðar fullnaðarafgreiðsluheimildir fyrir Bergrisann. Séu slíkar heimildir ekki til staðar er óskað eftir því að úr því verði bætt.

Til hliðsjónar set ég með samþykkt um stjórn og fundarsköp hjá Árborg en nýlega var gerð breyting á ákvæðinu sem snýr að fullnaðarafgreiðslu mála hjá Bergrisanum – Viðauki 1.15: https://www.arborg.is/media/samthykktir/Samthykkt-um-stjorn-og-fundarskop-Sveitarfelagsins-Arborgar-64_2025.pdf

Með góðri kveðju

Bjarki R. Kristjánsson

Skrifstofustjóri
Bergrisinn bs.
Arnardrangur hses.